



Fögur framtíð í Fljótsdal

Ársskýrsla 2022

Samantekt áráanna 2019-2022

Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal
asdishelga@fljotsdalur.is // 470 3810 // 899 6172



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL



AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta

Inngangur

Verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal (FFF) hefur það að megin markmiði að efla og styrkja samfélagið í Fljótsdal með virkri þátttöku og samtali einstaklinga, fyrirtækja og stofnana sem tengjast dalnum.



Mynd: AHBj

Samfélagsnefnd með sveitarstjórn og starfsmönnum

Þetta er þriðja og síðasta ár skilgreinds verkefnis með sérstökum stýrihópi sem sveitarstjórn Fljótsdalshrepps skipaði og hefur starfað frá 2019 til ársloka 2022. Á sama tíma hefur verið í gildi samningur milli Fljótsdalshrepps og Austurbrúar, um ráðningu verkefnastjóra til að sinna verkefninu.

Á árinu 2022 voru haldnir alls 5 fundir en í stýrihópnum sátu:

Þórhallur Jóhannsson, formaður og fulltrúi íbúa.

Jóhann F. Þórhallsson, frá sveitarstjórn.

Lárus Heiðarsson, frá sveitarstjórn.

Gunnar Gunnarsson, fulltrúi íbúa.

Signý Ormarsdóttir, fulltrúi Austurbrúar

Verkefnastjóri: Ásdís Helga Bjarnadóttir hjá Austurbrú.

Stýrihópurinn mun halda sinn lokafund í byrjun janúar með fulltrúum sveitarstjórnar, sveitarstjóra og framkvæmdastjóra Austurbrúar.

Starfsstöð verkefnastjóra hefur verið bæði á Egilsstöðum og í Végarði. Að jafnaði var viðvera í Végarði fyrri part árs á þriðjudögum en frá júní að jafnaði á þriðjudögum og fimmtudögum.

Hér á eftir verður farið yfir helstu viðfangsefni og viðburði ársins.



Mýnd: AHBj

Horft út Fljótsdalinn

Stefnumótun og skipulag

Framtíðarsýn og markmið verkefnisins Fögur framtíð í Fljótsdal voru í upphafi sett fram í fjórum meginmarkmiðum og hefur sú áhersla lítið breyst milli ára, þ.e. skapandi og samheldinn mannauður, sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda, góð búsetuskilyrði og öflugir innviðir, einstök náttúra og saga.

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals hefur þó dregið fram sínar áherslur sem byggja á meginmarkmiðunum og skilaboðum samfélagsþings sem haldið var haustið 2021.

Fyrir árið 2022 var lögð eftirfarandi áhersla:

Meginmarkmið:

- * Ný tækifæri og atvinnuuppbygging í Fljótsdal
- * Samfélagsleg verkefni á sviðið menningar, viðburða og miðlunar sem nýtist sem best í byggðarlaginu.

Áherslupema:

- * Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda
- * Aukin verðmætasköpun í búfjárrækt með áherslu á sauðfjárrækt og nýjar búgreinar.
- * Aukin verðmætasköpun í skógrækt.
- * Aukin fjölbreytileiki í ræktun, nýtingu og vinnslu afurða af villtum og ræktuðum jurtum.
- * Þróun handverks í tengslum við menningu og sögu.
- * Einstök náttúra og saga
- * Aukin verðmætasköpun í ferðaþjónustu.
- * Skrá náttúruperlur, merkja og bæta gönguleiðir.
- * Þróunarverkefni í tengslum við náttúru svæðisins, menningarlandslag og sögu.

Allar upplýsingar um framtíðarsýn, markmið, áherslur og verkefni hafa verið aðgengilegar á heimasíðu Fljótsdalshrepps – *Fljotsdalur.is*.

Hér verður farið yfir þau verkefni sem raunverulegur áhugi var fyrir og fóru af stað eða voru framkvæmd.

Skapandi og samheldinn mannauður

Efla og auka samveru.	<ul style="list-style-type: none"> Að jafnaði voru haldin handavinnukvöld annað hvert miðvikudagskvöld í Végarði á vegum Droplaugar Hins Fljótsdælzka handverksfélags sem var endurvakið og Hnútu handverk rann inn í. Kvöldgöngur voru skipulagðar frá júní og fram í ágúst. Tiltektargrill var skipulagt á Degi umhverfisins og hefðbundið 16. júní grill haldið. Sameiginlegir hádegisverðir á fimmtudögum frá ársbyrjun fram í apríl. Boðið upp á fræðslu- og nýsköpunarferð yfir í Breiðdalinn og gamla Djúpavogshrepp.
Boðið upp á námskeið er tengjast handverki, heilsurækt og til atvinnusköpunar.	<ul style="list-style-type: none"> Torf- og grjóthleðslunámskeið í Vallholti með Þorvaldi Hjarðar. Tóvinnunámskeið með Marianne Guckelsberger. Tálgað í ferskan við með Bjarka Sigurðssyni. Vinnustofa í rúningi og ullarmati m/Hallormsstaðaskóla. Að taka ofan af – verðmæti og nýtingarmöguleikar á íslensku ullinni m/Hallormsstaðaskóla. Vinnustofa í kjötið m/Hallormsstaðaskóla. Sveppatínsla og greining með sveppasérfræðingi m/Hallormsstaðaskóla.
Fræðsla og skemmtikvöld til að auka samheldni og samveru.	<ul style="list-style-type: none"> Tiltektargrill í Hengifoss gistihúsi. 16. júní boð í Borgarhól og Brekkubæ. Kynning á möguleikum þrívíddartækni. Kynning á dásemdum rennismíðinnar.
Fljótsdalsdagar/Réttardagurinn.	<ul style="list-style-type: none"> Verkefnastjóri tók viðtöl við fulltrúa ferðaþjónustuaðila um áhuga þeirra á aðkomu að deginum. Niðurstaðan var að ekki gæfist lengur tími til að sinna því í ágúst miðað við álag. Tillögur 1) efla réttadaginn, 2) standa að „októberfest“ og/eða 3) efla styrkja Skógardaginn mikla (bæta við dagskrá). Réttardagurinn 2022 eldur með markaði, tónlistarviðburðum og réttaballi.
Umhverfis dagar.	Haldnir í tengslum við Dag umhverfisins. Góð þátttaka í hreinsun og endað í sameiginlegu grilli.



Myndir: Hallormsstaðarskóli

Myndir frá námskeiðum

Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlind

<p>Aukin verðmætasköpun í búfjárrækt með áherslu á sauðfjárrækt.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kannaður var áhugi bænda á heimavinnslu og þátttöku í samstarfi þar að lútandi. Áhugahópur varð til um eflingu fagþekkingar en takmarkaður áhugi enn sem komið er á samstarfi er viðkemur vinnslu. • Sauðagull tók í notkun nýja vinnsluaðstöðu á Egilsstöðum fyrir mjólkurafurðir, fjárfesti í matarvagni og hélt áfram með vöruþróun. • Kynningar- og skoðunardagur á vinnsluaðstöðunni á Egilsstöðum fyrir áhugahópinn. • Fræðsluferð í Lindarbrekku í Berufirði o.fl. • Ráðgjafafundur með Frávik, aðilum er varðar kjötvinnslu og afurðaðþróun. Í framhaldinu námskeið í samvinnu við Hallormsstaðaskóla. • Nýsköpunarverkefni námsmanna: Fljótsdælzar sauðfjárafurðir sem Sandra Harðardóttir vann og miðlaði niðurstöðum á auglýstum fundi. • Nokkrir lögaðilar í dalnum eru í vöruþróunarfasa með úrvinnslu úr sauðfjárafurðum.
<p>Aukin verðmætasköpun í skógrækt.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Skógarafurðir fjárfestu í sérsmiðaðri fjölblaða rammasög og breyttu atvinnuhúsnæðinu til vinnuhagræðingar, auk þess að fjölga þurrkklefum. Afköstin því aukist til muna. • Úrvinnsla úr skógarafurðum og afurðir kynntar í Végarði á sölu- og samsýningu, s.s. frá Bara snilld, J.Olsen, Herði Guðmundssyni og Tandrabergi. Auk þess afurðir að verða til hjá Aðalbjörgu Ósk Guðmundsdóttur.
<p>Aukin fjölbreytileiki í ræktun, nýtingu og vinnslu afurða af villtum og ræktuðum jurtum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Fljótsdalskönglar ehf. kynntu fyrstu drykkjarafurðir sínar og settu í sölu hjá ferðaþjónustu- og veitingaaðilum. Áfram unnið að vöruþróun. • Ræktunarathugunum á Burnirót fram haldið. • Ræktunarathugunum á hampi og kornyrkjum fram haldið. • Þreskivél keypt í Geitagerði.
<p>Þróun handverks í tengslum við menningu og sögu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gersemar Fljótsdals – handverkssmiðja, haldin á Egilsstöðum og í Végarði. • Sölu- og samsýning haldin í Végarði í lok nóvember með afurðum úr dalnum og afrakstri verkefna frá Handverkssmiðjunni. • Fyrstu drög að munstri fyrir lopapeysu sem einkennir Fljótsdalinn liggur fyrir til frekari úrvinnslu. • Þátttaka í námskeiðum um tóvinnu og að tálga í ferskan við, ásamt öðrum námskeiðum í Hallormsstaðaskóla.



Vinnuaðstaða Sauðagulls



Frá kynnisferð til Gautavíkur

Góð búsetuskilyrði og öflugir innviðir

Byggðakjarni í Fljótsdal.	<ul style="list-style-type: none"> Unnið er að deiliskipulagsgerð fyrir byggðakjarnann en almenn ánægja hefur verið með staðarvalið á Hjarðarbóli. Málið hefur þó dregist vegna óvissu um eignarhald landsins sem ekki lá fyrir þegar byggðakjarnavinnan fór af stað. Sveitarstjórn hefur því samþykkt að fela sveitarstjóra að skoða möguleika á að reisa byggðina á öðrum stað.
Heimasíðan Fljótsdalur.is.	Ný heimasíða var sett í loftið eftir umtalsverða rýni á þá gömlu.
Stefnumótun svæðisins varðandi ólíka aldurshópa og ganga frá samningum.	Gengið var frá samningum um leikskóla, grunnskóla, tónlistaskóla og félags- og barnaverndarþjónustu.
Hagkvæmara rafmagn.	<ul style="list-style-type: none"> Könnun lögð fram um áhuga ábúenda á að skoða virkjanakosti (og vatnsöflun). Haldinn fundur með áhugamannahópi um framhaldið sem leiðir vinnuna áfram. Tveir opnir fundir haldnir um vindorkumál í Végarði. Áhugahópur um vindorku fór í skoðunarferð til Spánar. Sveitarfélagið skrifaði undir viljayfirlýsingu við Copenhagen Infrastructure Energy Transition Fund I K/S þar sem „Aðilar að viljayfirlýsingu þessari lýsa yfir vilja sínum til að eiga samstarf vegna áforma Orkugarðs Austurlands (OGA) um rannsóknir og mögulega uppbyggingu og rekstur vindorkugarðs í Fljótsdalshreppi og samhliða eiga samstarf um að skoða tækifæri til þróunar og uppbyggingar á annarri atvinnustarfssemi í sveitarfélaginu sem tengist verkefninu beint eða óbeint, s.s. vegna tækninýjunga, hráefna sem til falla eða hagkvæmrar nýtingar raforku.“ Sjá yfirlýsingu: Viljayfirlýsing - Orkugarður - 2022.pdf (fljotsdalur.is) Unnið áfram að hagkvæmnismælingu fyrir Hólkárnvirkjun og framkvæmdir hafnar við Coanda smávirkjun á Sturluflöt – byggingu Sturluvirkjunar. Viðarkyndingu komið upp á Valbjófsstað II. Fleiri ábúendur að skoða þann möguleika.
Yfirfara útvarps- og sjónvarpssendingar.	Símamastur sett upp á Végarð sem bætir símasamband í dalnum og sendirinn á Brekku lagfærður. Lagður var ljósleiðari um Fell í sumar sem mun verða tengdur við ljósleiðarann í Fljótsdal við Droplaugarstaði þannig að íbúar geti haft val um þjónustuaðila netsambands.
Úrgangsmál, sorpflokkun, sorphirða og grenndarstöð.	<ul style="list-style-type: none"> Skipuð var ný nefnd á vegum sveitarfélagsins um umhverfis- og loftslagsmál sem jafnframt tekur á náttúruverndarmálum. Unnin var umhverfis- og loftslagsstefna og verið að vinna að markmiðum, forgangsroðun verkefna og kostnaðarmati.
Vatnsveitur og nýting vatns.	Borað var eftir vatni í landi Brekkugerðis með ásættanlegum árangri.
Virkt samtal á milli stofnana og fyrirtækja á svæðinu.	<ul style="list-style-type: none"> Samstarfsverkefni varð til að frumkvæði Gunnarsstofnunar við Rannsóknasetur HÍ á Austurlandi, Minjastofnun Íslands, Sagnabrunn ehf. og Fljótsdalshrepp er varðar búsetuminjaskráningu og tengdist m.a. vinnu nema er fengu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Fornminjasjóður veitti fjármagn til verkefnsins. Virkt samtal við Landsvirkjun um aðkomu að m.a. þremur verkefnum í hreppnum er krefjast nánari útfærslu, tvö er tengjast Hengifossárgili og eitt sem tengist Langhúsum.

Framkvæmdir

- Brú var sett á Kleifará og brú við Strútsá lagfærð.
- Tvær göngubrýr settar yfir Hengifossárgilið.
- Lagfæringar voru gerðar bæði á Laugarfellsskála og starfsmannahúsnæði í Laugarfelli vegna vatnstjóna.
- Fjallaskarð – járn sett á þak uppgerða skálans og gengið frá veggjum.
- Uppbygging á þremur sumarhúsum í landi Brekkugerðishúsa – Hengifoss Lodge.
- Nýir eigendur að Hóli.
- Vinna að hefjast við gerð áhættumats vegna ofanflóða á Víðivöllum Ytri I.
- 14 herbergja hótél við Óbyggðasetrið tekið í notkun.
- Skemman á Litlu Grund kláruð.
- Sökkull tilbúinn fyrir skemmu á Arnheiðarstöðum.
- Ný heimilisfesta á Höllustöðum.
- Ný heimilisfesta í Brekkubæ og fullbúið sumarhús, Borgarhóll, í landi Brekkugerðis.



Kynningarfundur um vindorkumál



Lokafundur samfélagsnefndar með sveitarstjórn



Mynd er tengist nýsköpunarverkefninu um búsetuminjar



Brynjar Darri með afurðir Köngla ehf

Einstök náttúra og saga

Bæta við afþreyingu og áfangastöðum.	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingabrunnur bættur og settur inn á hengifoss.is. • Óbyggðasetrið bætti inn vetrarferðamennsku, s.s. gönguskíðaferðum. • Lagður grunnur og farið í prufuferð í tengslum við enduro-mótorhjólaferðir á vegum Hel-fjallahjólaferða. • Hjólaleiðir yfirfarnar og merktar.
Kortlagning náttúruperla og vinna við ferðaleiðir.	<ul style="list-style-type: none"> • Áfram unnið að gerð reiðhjólástígs meðfram fljótinu. • Stofnaður áhugahópur á fésbókinni er varðar gönguleiðir og teknar saman upplýsingar um áhugaverða staði til að vinna með áfram. • Kvöldgöngur skipulagðar frá júní fram í ágúst. • Unnið að gerð stafrænnar gönguleiðar frá Suðurdal yfir til Gautavíkur í Berufirði.
Örnefnaskráning.	Áfram unnið að örnefnaskráningum, s.s. fyrir Hrafnkelsstaði, Vallholt og Bessastaði.
Hálskofi.	Undirbúningur hafin að því að gera upp Hálskofa í samstarfi við Snæfellsstofu VJP.
Langhús/Vallholt.	<ul style="list-style-type: none"> • Framkvæmdir við að endurgera kúahlöðuna á Langhúsum hófst með niðurrifi og enduruppbyggingu langvegga. • Reykkofinn í Vallholti var endurgerður í tengslum við torf- og grjóthleðslunámskeið.
Hengifossárgil.	<ul style="list-style-type: none"> • Tveimur göngubrúum komið fyrir yfir gilið, m.a. með aðstoð Landhelgisgæslunnar. • Unnið að gerð göngustígs að utanverðu. • Samið við verktaka um uppbyggingu þjónustuhúss við gilið. Forsteyptar einingar koma frá MVA og munu Austurbygg verktakar ehf. sjá um að byggja húsnaðið. Áætluð verklok eru í lok júní 2023.
Strútsfoss.	Gönguleiðin um gilið var bætt og brú lagfærð.



Á gönguleið í Hengifossárgili



Endurgerð kúahlöðunnar á Langhúsum

Myndir: AHBj

Viðburðir í tengslum við Fögur framtíð í Fljótsdal

Hér verður gefið yfirlit yfir þá viðburði sem fram fóru í tengslum við Fögur framtíð í Fljótsdal og Fljótsdalshrepp. Yfirlitið tekur takmarkað á þeim fjölmörgu viðburðum sem Gunnarsstofnun, Skriðuklaustur, Snæfellsstofa og Óbyggðasetrið standa fyrir né hefðbundnum handavinnuhittingum sem fram hafa farið í Végarði á vegum Droplaugar handverksfjelags.

21. janúar	Opinn fjarfundur um tvö verkefni sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum. Annars vegar kynnti Steingrímur (Denni) Karlsson uppbyggingu vetraraffþreyingar við Laugarfell og Óbyggðasetrið og hins vegar Dagrún Drótt Valgarðsdóttir og með henni Brynjar Darri Sigurðsson sem fóru yfir þróun verkefnisins Könglar sem leggja áherslu á að nýta villtar íslenskar jurtir til framleiðslu drykkja og annarra afurða. Verkefnastjóri minnti á umsóknarfrest Samfélagssjóðsins og helstu áherslur. Um 10 manns sóttu fundinn.
16. febrúar	Handverkskvöld og kynning á Droplaugu Hinu Fljótsdælzka handverksfjelagi en því miður frestað vegna veðurs.
3. mars	Kvöldverður í Végarði. Í framhaldi kynning á tveimur verkefnum sem höfðu fengið styrk úr Samfélagssjóði Fljótsdals. Heiðveig Agnes Helgadóttir kynnti heimasíðuna www.helgihallgrims.is og Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf kynnti Locatify leiki sem Gunnarsstofnun hefur verið og er að þróa og byggja á ævintýrum og fróðleik um Fljótsdalinn. Um 20 manns.
10. mars	Úthlutun úr Samfélagssjóði Fljótsdals í Végarði. Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf og Einar Sveinn Friðriksson voru með tónlistaratriði og Ann-Marie Schlutz og Dagrún Drótt Valgarðsdóttir voru með vörukynningar og smakk. Aðrar smáréttaveitingar frá Elísabetu Þorsteinsdóttur í Klausturkaffi. Um 30 manns.
29. mars	Kynningarfundur um Vindorkugarð í Végarði. Á dagskrá var eftirfarandi: 1) Viljayfirlýsing um samstarf á milli Fljótsdalshrepps og Orkugarða Austurlands. Framsaga: Helgi Gíslason og Kristinn Bjarnason. 2) Vindorkugarður í Fljótsdal og rafeldsneytisverkmiðja á Reyðarfirði. Framsaga: Anna-Lena Jeppesen, Magnús Bjarnason og Helgi Jóhannesson. 3) Fyrirspurnir og umræður. Um 25 manns.



Óbyggðasetrið í Fljótsdal



Frá viðburðinum Gersemar Fljótsdals

Myndir: AHBj

1.-3. apríl	Tálgunámskeið úr ferskum við í Végarði með Bjarka Sigurðssyni frá Klúku. Hámarksfjöldi 8, voru 7.
7. apríl	Búsetuminjar og skráning. Kynning á tækni og verkefni í Végarði á vegum Skúla Björns Gunnarssonar og Brynjars Darra hjá Gunnarsstofnun. Tæplega 15.
22.-23. apríl	Plokkdagar í Fljótsdal. Sameiginlegt grill við Hengifoss gistihús 23. apríl. Sveitarfélagið bauð upp á heitt grill, einstaklingar komu með sitt á grillið og borðað saman á gistihúsinu. Könglar buðu upp á tilraunadrykki og einnig hægt að versla veitingar á staðnum. Um 25 manns mættu og áttu góða samveru.
28. apríl	Ársfundur Samfélagssjóðs Fljótsdals í Végarði.
5. maí	Kjörstjórn með kynningarfund í Végarði um óbundnar kosningar til sveitarstjórnar. Mjög góð þátttaka.
Í júní	Kynningarfundur með áhugasömum landeigendum um vindorkugarð í Végarði.
Júní/ágúst	Kvöldgöngur öll fimmtudagskvöld frá 23. júní til 11. ágúst undir leiðsögn heimamanna. Nokkuð góð þátttaka.
16. júní	Allsherjar grillveisla og innflutningshóf á Brekkugerðistorfunni á Borgarhól og Brekkubæ.
22. júní	Franskt fé eða rauðvínslegnar rollur. Franski landbúnaðarneminn Mael sem var í starfsnámi á Egilsstöðum hélt erindi í Végarði en hann hefur verið að kynna sér íslenska sauðfjárrækt.
5.-7. júlí	Hleðslunámskeið haldið af Droplaugu handverksfjelagi þar sem Þorvaldur Hjarðar sá um að leiðbeina. Fullbókað námskeið með sjö þátttakendum. Námskeiðið gekk vonum framar og er nú fullbúinn reykkofti til á Vallholti, en hann var endurgerður nánast frá grunni.



Frá námskeiðinu, tálgað í ferskan við



Í lok Stóra plokkdagsins

Myndir: AHBj

15. ágúst	Rafrænn umræðufundur um nýsköpun, sölu og markaðsetningu á Fljótsdælzkum sauðfjárafurðum með Söndru Harðardóttur verkefnastjóra. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið fyrir FFF.
16. ágúst	Sveppanámskeið í Hallormsstaðaskóla með Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur. Tveir þátttakendur úr Fljótsdal.
2.-3. sept.	Gersemar Fljótsdals – tveggja daga vinnustofa fyrir alla sem áhuga hafa á handverki og vinna afurðir. Virk þátttaka 16 einstaklinga með 6 leiðbeinendum. Auk þess kynning á trérennismiði frá formanni félags trérennismiða haldið í Végarði. Um 20 manns mættu.
17. sept.	Melarétt. Fjölbreytt dagskrá samhliða réttastörfum. Réttaball í Végarði.
1. okt.	Jónas Bjarki Hallgrímsson hélt kynningu á þrívíddarprentun í Végarði. Töluverður áhugi er á þeirri tækni og þeim afurðum sem slík tækni getur búið til.
1.-16. okt.	Ljósmyndasýning Örne Silju Jóhannsdóttur „Fögur fortíð í Fljótsdal“ aðgengileg á Skriðuklaustri.
Haustið	Samfélags- og handavinnukvöld annað hvert miðvikudagskvöld frá 5. október til 14. desember 2022 á vegum Droplaugar handverksfélags.
20.-24. okt	Hópfærð til Spánar til að fræðast um vindmyllugarða.
27. okt.	Fræðsluferð um nýsköpun í Breiðdalinn, Berufjörð, Djúpavog og Hamarsfjörð.
2. nóv.	Íbúafundur um úrgangs- og urðunarmál. Á sama tíma undirritaður verkamningur sveitarfélagsins við Austurbygg verktaka um seinni hluta uppbyggingar þjónustuhússins við Hengifoss. Um 45 manns mættu á fundinn.



Frá sýningu Örne Silju á Skriðuklaustri



Frá kynnisferð að Bragðavöllum

Myndir: AHBj

5. nóv.	Droplaug handverksfjelag hélt tóvinnunámskeið með Marianne Guckelberger í samstarfi við Hallormsstaðaskóla.
9. nóv.	Íbúafundur um fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps. Um 20 manns mættu á fundinn.
12. nóv.	Námskeið á Skriðuklaustri í rúningi og ullarmati á vegum Hallormsstaðaskóla. Leiðbeinendur Hafliði Sævarsson og Jón Björgvin Vernharðsson. Einn þátttakandi frá Fljótsdal en fleiri litu við.
15. nóv.	Málstofa haldin um íslensku ullina á vegum Hallormsstaðaskóla. Fjögur erindi voru á málstofunni: Sunna Jökulsdóttir gæða- og þróunarstjóri Ístex, Brynjar Þór Vigfússon eigandi Gilhaga, Hulda Brynjólfssdóttir eigandi Uppspuna og Guðrún Hadda Bjarnadóttir listakona fóru yfir verðmæti og nýtingarmöguleika íslensku ullarinnar. Að loknum erindum var boðið upp á opið hús með kaffiveitingum. Þar var hægt að skoða og kaupa vörur frá Ístex, Gilhaga, Uppspuna og Dyngju listhúsi ásamt því að tveir fyrrum nemendur kynntu verkefni úr námi sínu – Emma Charlotta Armanen með Charma ull og Jens Einarsson með Heilnæma hljóðvist – hljóðgildrur sem stillt var upp í matsalnum. Þátttakendur úr Fljótsdal voru fjórir. Viðburðinum var streymt út og því óvíst um heildarfjölda áheyrenda.
22. nóv.	Upplýsingafundur fyrir íbúa um vindorkumál. Á dagskrá var eftirfarandi: 1) Spánarferð Fljótsdælinga - Gísli Örn Guðmundsson landeigandi. 2) Stöðumat um Orkugarða Austurlands - Anna-Lena Jeppsson og Magnús Bjarnason CIP. 3) Sjóarmið Fljótsdalshrepps um fyrirhuguð vindorkulög - Kristinn Bjarnason lögmaður. 4) Stjórnþæki sveitarfélaga - skipulag og umhverfismat - Kamma Dögg Gísladóttir skipulagsfræðingur. Mjög góð þátttaka var á fundinum.
26. nóv.	Sölu-og samsýning í Végarði (frá 13:00-16:00) þar sem aðilar í Fljótsdal, sem eru að framleiða vörur/handverk, fengu tækifæri til að sýna og selja sína vöru sem og þeir þátttakendur sem voru virkir í Gersemum Fljótsdals hönnunarsmiðjunni. Fjölmargir aðilar tóku þátt og var áætlað að um 200 manns hafi litið við þennan dag.
25. des.	Hátíðarguðspjónusta boðuð en féll niður vegna veðurs.
28. des.	Boðuð félagsvist í Végarði en féll niður vegna veðurs.



Hönnunarviðurkenningar veittar í tengslum við Gersemar Fljótsdals



Myndir: AHBj

Frá Grýlgleðinni á Skriðuklaustri

Nánir umfjöllun um einstök verkefni

Hér verður farið ögn nánar yfir stök verkefni er tengjast Fagurri framtíð í Fljótsdal.

Hleðsluverkefni og hleðslunámskeið

Fljótsdælingar hafa sýnt því áhuga að skrá og viðhalda gömlum búsetuminjum. Verkefnastjóri, í samráði við stjórn Droplaugar handverksfjelags, fór með Þorvaldi Hjarðar hleðslumeistara um þær minjar sem hvað mest hafa komið upp í umræðunni um uppbyggingu með það í huga að finna heppilegan vettvang fyrir hleðslunámskeið. Úr varð að taka fyrir reykkofann í Vallholti og bjóða fram námskeiðið 5.-7. júlí frá kl. 9:00-17:00. Gerður var samningur við landeigendur um verkið, samið um torf frá Helga Bragasyni á Setbergi og um aðkomu að timburverki við Jón Helgason smið á Höllustöðum. Vigdís Helgadóttir sá um hádegisverð í Végarði og Halla Auðunardóttir um kaffiveitingar. Námskeiðið var fyrst boðið fram meðal íbúa Fljótsdalshrepps, síðan með færslu á fésbókarsíðunni Fögur framtíð í Fljótsdal og nær tveimur vikum síðar meðal almennings. Þátttakendur voru sjö, þar af þrír með beina tengingu við Fljótsdalinn, þrír með búsetu á Hallormsstað og Fellum og einn frá Egilsstöðum. Námskeiðið gekk vonum framár og almenn ánægja var meðal þátttakenda er varðar kennslu og umgjörð.



Þátttakendur með leiðbeinanda við endurgerða reykkofann í Vallholti

Mynd: AHBj



Mynd: AHBj

Endurgerður skáli í Fjallaskarði

Fjallaskarð

Byrjað var að endurhlaða gamla skálann í Fjallaskarði sumarið 2021 og var því lokið sumarið 2022. Að verkefninu komu fjölmargir og hefur vinnan fengið mikið lof enda gríðarlega vel heppnuð. Fyrirhugað er að snyrta umhverfið og girða í kring.

Örnefna- og búsetuminjaskráningar

Verkefnastjóri aðstoðaði nokkra landeigendur við að halda áfram með örnefnaskráningar jarða.

Virkilega áhugavert verkefni fór af stað er varðar skráningu búsetuminja í Fljótsdal og Skúli Björn Gunnarsson hafði forgöngu um. Skipaður var starfshópur sem í sitja Skúli Björn Gunnarsson frá Gunnarsstofnun, Rannveig Þórhallsdóttir frá Sagnabrunni og Rannsóknasetri HÍ, Unnur Birna Karlsdóttir frá Rannsóknasetri HÍ á Egilsstöðum og frá Minjastofnun Þuríður Harðardóttir minjavörður og Oddgeir Isaksen. Verkefnastjóri FFF, Ásdís Helga Bjarnadóttir, var valin fulltrúi Fljótsdalshrepps.

Fengnir voru tveir landfræðinemar í 3 mánuði til að vinna að verkefninu, þær Sigríður Hlíðkvist Kröyer og Kristín Embla Guðjónsdóttir, með stuðningi frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Þær hófu vinnuna í lok maí og skiluðu af sér í september.

Í ágúst komu fram óskir um að Fljótsdalshreppur rýndi drög að stefnu um bátaarfinn sem og verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi 2022-2027 að ósk Minjastofnunar. Verkefnisstjóri vann álit og sendi inn 05.08.2022.

Langhús

Gengið var frá verkáætlun um endurbyggingu Kúahlöðunnar í Langhúsum. Baldur Pálsson og Bjarki Sigurðsson tóku að sér verkið með aðstoð Baldurs Hjartarsonar á Langhúsum. Björn Björgvinsson í Breiðdal hefur yfirumsjón með framkvæmd verkþátta en Droplaug Handverksfjelag með framgangi verkefnisins. Styrkir fengust í gegnum umhverfissjóð Fljótsdalshrepps og húsafriðunarsjóð Minjastofnunar Íslands. Hafist var handa við verkefnið í byrjun ágúst 2022 og verður vinnunni framhaldið árið 2023.



Baldur Pálsson og Baldur Hjartarson við vinnu við Kúahlöðuna á Langhúsum

Mynd: AHBj

Framkvæmdir

* Byggðakjarninn

Sveitarstjórn leitaði til skipulagsráðgjafa frá Eflu, Kömmu Daggar Gísladóttur, um að hefja skipulagsvinnu við íbúðabyggð í landi Hjarðarbóls. Skipulagslýsing var auglýst og verða athugasemdir hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi skipulagsvinnu. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkti tillögu að skipulagi sem lögð verður til grundvallar við frekari vinnslu á deiliskipulaginu (sbr. fundragerð 19.10.2022). Þar sem óvissa er enn um eignarhald landsins hefur sveitarstjórn opnað fyrir þann möguleika að semja við annan um land til bygginga á vegum sveitarfélagsins.

* Hengifossárgil

Gengið var frá rotþróum og tekin grunnur að þjónustubyggingunni við gilið. Samþykkt að ráðast í uppbyggingu útveggja fyrir áramót 2022. Það er MVA sem tekur þann hluta að sér. Þann 2. nóvember var undirritaður verksamningur sveitarfélagsins við Austurbygg verktaka ehf. upp á 145 m.kr. Í verksamningnum felst að klára þjónustuhúsið við Hengifoss og að verklok verði 23. júní 2023.

* Egilsstaðir

Sauðagull tók formlega í notkun vottaða vinnsluáðstöðu fyrir mjólkurafurðir á Egilsstöðum. Endurbætur voru gerðar á brú fyrir innan bæinn.

* Óbyggðasetrið Egilsstöðum

Óbyggðasetrið tók í gagnið 14 herbergja hótél sem aðlagð er aðstæðum og ímynd þess.

* Brekkugerðishús

Þrjú smáhýsi sem ætluð eru til útleigu í skemmri tíma í ferðapjónustu. Húsin eru forsmíðuð einingahús innflutt frá Sviss.

* Melar og Arnheiðarstaðir

Sökklar lagðir fyrir skemmubyggingar.

* Annað

Vegslóði að Fjallaskarði var lagfærður, bílaplön við Végarð máluð og glæsilegt ruslatunnuskýli við Hengifoss gistihús reist.

360° sýndarveruleikaferðalag

Þann 6. maí var opnað fyrir tengil að sýndarveruleikaferðalagi um Fljótsdalinn og Múlaþing inni á *fljotsdalur.is*, *hengifoss.is* og *hallormsstadur.is*. Þetta er afrakstur vinnu Hafþórs Snjólfs Helgasonar sem sveitarfélögin kostuðu. Hægt er að skoða stærstan hluta Austurlands á 360 gráðu drónamyndum sem sýna bæjarheiti og á Upphéraði eru þjónustustaðir, perlur, gönguleiðir og fleira einnig sýnt og tengt inn á heimasíður. Hægt er að skoða vefinn á skjá eða með sýndarveruleikagleraugum. Þessi framsetning getur opnað fyrir ýmis tækifæri er varðar markaðssetningu á fyrirtækjum í dalnum og til að veita nánari upplýsingar um ákveðna áfangastaði eða leiðir.

Styrkir og framlög

Þær ánægjulegu fréttir bárust frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða að sveitarfélagið fékk styrkveitingu til tveggja verkefna árið 2022. Annars vegar styrk að fjárhæð 7,5 m.kr. vegna verkefnisins „Hengifoss - bætt aðstaða og verndun náttúru“ og hins vegar 1 m.kr. vegna „Strútsá – endurbætur á göngubrú“. Þetta kemur sér afar vel til uppbyggingar áfangarstaða í sveitarfélaginu.

Ekki fékkst styrkur í „Hringrásarhagkerfið“ en umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti veitti styrk til fráveituframkvæmda við Hengifoss. Styrkfjárhæðin nemur 30% af staðfestum heildarkostnaði. Sveitarfélagið fékk einnig úthlutað 3 m.kr. úr styrkvegasjóði.

Nokkrir einstaklingar og nokkur fyrirtæki fengu styrki er tengjast frumkvöðlastarfi, þróunarverkefnum og eins boð um að taka þátt í viðskiptahröðlum á árinu. Það má því segja að styrkuppghæðir til svæðisins hafi verið umtalsverðar þó heildartalan liggi ekki fyrir.

Máltíðir í Végarði

Haustið 2021 var gerð tilraun með að bjóða upp á hádegisverð í Végarði einu sinni í viku og stöku sinnum kvöldmáltíð. Í upphafi árs var í boði hádegisverður á fimmtudögum í fyrstu til þriðju viku mánaðar og kvöldverður í fjórðu viku, allt fram undir lok aprílmánaðar. Þátttaka var nokkuð góð, um 12-20 manns. Það var Vigdís Helgadóttir á Brekku sem sá um matseldina á vormánuðum en ekki náðist að bjóða fram sambærilega viðburði á haustmánuðum.

Hengifoss

Unnið var að því að afmarka betur göngusvæðið upp með Hengifossárgilinu og að útbúa göngustíg að utanverðu. Göngubrú var komið fyrir neðst í gílinu, handrið sett á og aðgengi að henni lagað. Landhelgisgæslan kom svo 9. ágúst í skilgreint samfélagsverkefni sem fólst í því að ferja efni í nýja göngubrú við efsta hjalla gilsins. Fluttir voru 2 x 1100 kg bitar, 2 x 800 kg handrið og einn 150 kg biti með þyrlunni. Að því verki komu Sveinn Ingimarsson og starfsflokkur frá Austurbygg verktökum ehf. Flutningurinn gekk afar vel enda vel undirbúinn. Landverðir Snæfellsstofu komu að því að upplýsa og vara ferðamenn við á meðan flutningnum stóð. Komið var á virku samtali á milli landeigenda á Melum, sveitarfélagsins og Vatnajökulspjóðgarðs í tengslum við framkvæmdirnar og uppbyggingu svæðisins.



Landhelgisgæslan flytur brúarstólpa

Mynd: AHBj

Sauðfjárrækt – Nýsköpunarverkefni námsmanna, o.fl.

Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti stuðning til verkefnisins Fljótsdælzkar sauðfjárafurðir. Neminn sem tók það að sér var Sandra Harðardóttir sem stundað hefur nám í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum til MS náms.

Markmið verkefnisins, eins og fram kom í lýsingu, var að kanna nýjar leiðir til að styrkja og efla sauðfjárrækt og samstöðu bænda í Fljótsdal, auka tengsl við veitingaaðila í nærumhverfi og tilraunaeldhúss Hallormsstaðaskóla með það að meginmarkmiði að styrkja búrekstur, draga fram sérstöðu svæðisins og auka samkeppnishæfni þess.

Í grunninn byggðist verkefnið á spurningarkönnun og viðtölum við áhugasama sauðfjárbændur, veitingaaðila og sláturleyfishafa. Niðurstöðurnar voru birtar í samantekt og má hér líta eina mynd úr þeirri skýrslu:

TILLÖGUR

Að markaðstækifærum

Höfundur telur það tilvalið markaðstækifæri að stofna og selja undir sameiginlegu vörumerki Fljótsdals. Það má sjá að töluverður áhugi er fyrir því hjá bæði bændum og veitingaaðilum. Fyrir slíku eru nokkur fordæmi og má þar meðal annars nefna að matvælaframleiðendur og ferðaþjónustuaðilar í Skagafirði settu árið 2004 á laggirnar þróunarverkefnið Matarkistan Skagafjörður í samstarfi Ferðamálaeildar Hólaskóla og Háskólans í Guelph í Kanada.

Annað markaðstækifæri er að nýta og markaðssetja veturgamalt kjöt og ærkjötið meira. Það er kjöt sem er ekki arðsamt eins og staðan er núna og með því að markaðssetja það betur væri hægt að búa til tekjulind úr einhverju sem er ekki til staðar núna. Einnig yrði það hráefni nýtt betur sem er jákvætt á allan hátt.

Vörubrún er annað tækifæri og er tilvalið að draga fram sérstöðu svæðisins. Dæmi um vöru sem hægt væri að þróa er lamb jerky, ærgúllas, ærlundir, grafin ærlund/ærfile, lambakæfa, reykt rúllupylsa og söltuð/krydduð rúllupylsa. Einnig árstíðabundnar vörur eins og hangikjöt. Þar kemur samstarf með Tilraunaeldhúsinu á Hallormsstað sterkt inn.

Samkvæmt niðurstöðum úr spurningalistaðum er áhugi meðal bænda á því að nýta betur ullina og gærur og þar finnast mörg tækifæri. Einnig kom tillaga um að markaðssetja jólatréssölu. Hjá veitingaaðilum er mikill áhugi á að versla af bændum mjólkurvörur, krydd, grænmeti, ávexti, ber, kjöt og fisk, þá sérstaklega silung.

Í framhaldi þessa verkefnis varð til áhugahópur sem lagði línur fyrir framhaldið, en þar í forsvari voru m.a. Ann-Marie Schultz og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Lagt var upp með að skoða vinnsluáðstöðuna hjá Sauðagulli, taka þátt í fræðsluferð í Breiðdal/Djúpavog, eiga fund með fulltrúum Fráviks sem komu í Végarð og að sækja námskeið í kjötvinnslu sem haldið var af Hallormsstaðaskóla með stuðningi Samfélagssjóðs Fljótsdals.

Fljótsdalsdagurinn - Melarétt og réttadagurinn

Fljótsdalsdagurinn var haldinn reglulega fyrir Covid-19 heimsfaraldurinn. Þegar á reyndi núna var ekki áhugi eða stemning fyrir honum. Ferðamönnum hefur fjölgað og álagið á ferðaþjónustuaðila orðið umtalsvert meira en áður. Verkefnastjóri kannaði meðal fjölmargra aðila sem hafa komið að Fljótsdalsdeginum hvernig þeir vildu sjá fyrirkomulagið til framtíðar. Það sem stóð upp úr var að efla enn frekar réttardaginn í tengslum við Melarétt með markaði og skemmtilegum uppákomum, taka virkari þátt í Skógardeginum mikla og tengja viðburði í dalnum við þá helgi í júní og/eða að koma á matar- og/eða drykkjarhátíð í október/nóvember.



Réttardagurinn í Fljótsdal 17. september

Rekið úr safnhólfi kl. 11:00.

Þegar komið er á Melarétt er veitingasala og handverk sem gleður auga og maga.

Tónlist, húslestur og margt fleira.

Réttarball í Végarði frá kl. 22:00-02:00.

Miðaverð er 2.800kr.

Danshljómsveit Friðjóns sér um að allir skemmti sér.



Fljótsdalshreppur

Í ágúst tók Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir að sér að skipuleggja viðburði í tengslum við réttardaginn og fékk til liðs við sig Höllu Auðunardóttur með fjárstuðningi frá Fljótsdalshreppi.

Dagurinn var mjög vel heppnaður. Sjónvarpsstöðin N4 gerði réttardeginum skil, sjá: <https://www.youtube.com/watch?v=zHQF8E5OkIg&t=21s>



Fræðsluferð í kjötvinnsluna á Lindarbrekku í Berufirði.



Fræðsluferð til LeFever Sauce Company á Djúpavogi.

Myndir: AHBj

Nýsköpunar- og fræðsluferð um Breiðdal og Djúpavog.

Verkefnastjóri skipulagið ferð fyrir þá sem lifa og starfa í Fljótsdalshreppi, fimmtudaginn 27. október. Farið var með rútubílstjóranum Bergsteini Brynjólfssyni frá Sæti ehf. hópferðabílum frá Végarði kl. 9:00 með þrettán manns og komið til baka um kl. 20:30. Farið var í Beljanda brugghús á Breiðdalsvík þar sem að Atli Þór Ægisson fór yfir stofnun og framleiðslu fyrirtækisins og veitt smakk af nýjustu framleiðslu þeirra, jólabjörnum Fönn. Etinn var hádegisverður í Kaupfjelinu. Þaðan var farið að Gautavík í Berufirði þar sem Pálmi Einarsson og Oddný Björnsdóttir sýndu og greindu frá þeirra framleiðslu, vörum sem framleiddar eru undir merkjum Geisla og hampræktun, auk þess að veita upplýsingar um Samtök smáframleiðenda. Haldið var að Lindarbrekku þar sem Bergþóra Valgeirsdóttir og Eiður Gísli Guðmundsson sýndu vinnslurými fyrir kjöt og gáfu smakk af reyktu hreindýrkjöti og gröfnu ærfille. Þá var haldið í LeFever Sauce Company þar sem Greta Mjöll Samúelsdóttir sýndi vinnsluaðstöðuna og gaf smakk af hot sauce sósunum þeirra. Að lokum var haldið að Bragðavöllum þar sem bræðurnir Eiður og Ingi Ragnarssynir tóku á móti, sýndu og greindu frá uppbyggingu ferðaþjónustunnar á staðnum. Þar fengu gestirnir ærborgara áður en haldið var heim í dalinn.

Viðbrögð þátttakenda

Gábor Kálmán: „I really enjoyed the trip, it was a great and useful experience.....The most enjoyable part of the trip for me was to see how great cooperation you have between the local farmers, the open minded attitude towards the work and life of other locals, manufacturers, and their workflows. The importance of being experienced in each other everyday life. It helped me to see better the workday's life here in the North and East, in my opinion it's as much important as to see the beautiful landscape of this amazing country. Thanks a lot for the trip“.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir: „...þetta var hin fínasta ferð ...Mér fannst mjög áhugavert að heimsækja þessa nýsköpunaraðila sem eru að fást við ólíka hluti. Við fengum frábærar móttökur og allir lögðu sig fram um að fræða okkur og upplýsa um sínar framleiðsluvörur. Góður og fræðandi dagur í fínum félagsskap. Takk Fljótsdalshreppur fyrir að standa fyrir og bjóða í þessa ferð“.

Spánarferð um vindmyllugarða

Frá því Fljótsdalshreppur og CIP undirrituðu viljayfirlýsingu um að eiga samstarf um að skoða mögulega uppbyggingu og rekstur vindorkuvers í Fljótsdalshreppi hafa fulltrúar sveitarfélagsins í samstarfshópi aðila (sveitarstjóri og lögmaður) átt reglulega fundi með fulltrúum CIP.

Í þeim samskiptum kom fljótlega til tals að gagnlegt væri að heimsækja vindorkugarð eða garða sem CIP hefði þegar reist og væru í rekstri. Varð niðurstaðan sú að efna til ferðar fulltrúa sveitarfélagsins og landeigenda til Aragon héraðs sem er staðsett í norðausturhluta Spánar en í því héraði fer fram umfangsmikil raforkuframleiðsla með vindorku. CIP byggði og rekur vindorkugarð í nágrenni Zaragoza sem er stærsta borg héraðsins, staðsett nokkurn veginn mitt á milli Madrid og Barcelona.

Tilgangur ferðarinnar og helstu markmið voru að skoða vindmyllumannvirki og tengd mannvirki, kynna sér hvernig staðið er að undirbúningi og uppbyggingu vindorkuvers, hver reynslan hafi verið af slíkri starfsemi og hvaða áhrif hún hafi haft á landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í nærumhverfi vindorkuvers.

Fulltrúar Fljótsdalshrepps í ferðinni voru Helgi Gíslason sveitarstjóri og Kristinn Bjarnason lögmaður auk Anton Fernandez, sem sá um túlkun. Þeir landeigendur sem fóru í ferðina voru Jóhann Þorvarður Ingimarsson á Eyrarlandi og sonur hans Arnar Óli, Bjarki Jónsson á Víðivöllum Ytri II, Þorsteinn Pétursson Víðivallagerði, Jóhann F. Þórhallsson í Brekkugerði, Sveinn Ingimarsson á Sturluflöt, Þórarinn Þórhallsson og Gísli Örn Guðmundsson á Þorgerðarstöðum auk Jóns Jónssonar lögmanns landeigenda. Af hálfu CIP tóku þátt Anna – Lena Jeppsson verkefnisstjóri og Rósant Torfason ráðgjafi auk Alejandro innlands stöðvarstjóra Monegros, vindorkugarðs CIP á Zaragozasvæðinu.

Eftir heimkomu var haldinn kynningarfundur 22. nóvember í Végarði, sjá yfirlit yfir viðburði.



Fræðsluferð um vindmyllugarða á Spáni

Mynd: Þorvarður Ingimarsson

Handverksdagur í Végarði

Þann 26. nóvember var boðið til handverksdags eða sölu- og samsýningar í Végarði. Hugmyndin kom frá þátttakendahópi Gersema Fljótsdals - hönnunarsmiðju í byrjun september. Öllum var þó boðið að taka þátt sem eru með hugmyndir, eru að hanna og framleiða vörur eða afurðir er tengjast Fljótsdalnum með einum eða öðrum hætti. Sýnendur voru tólf auk fagaðila er veitti ráðgjöf í gerð jólaaskreytinga:

Sýnandi	Hugmyndir/afurðir
Eyrún Axelsdóttir	Myndlist og afurðir úr ull
Jens Hilmarsson – J. Olsen	Húsmunir úr fljótsdælskum við
Helga Eyjólfsdóttir	Hönnunarhugmyndir
Eva Kjerúlf	Klæðskeri
Skógarafurðir ehf.	Afurðir og byggingarefni úr íslenskum við
Kjartan Glúmur Kjartansson	Ritlist
Jónas Bjarki Hallgrímsson	3D íhlutir og vörur
Sauðagull ehf. – Ann Marie Schlutz	Sauðamjólkurafurðir
Saumadraumur – Halla Auðunardóttir	Sérhönnun vefnaðarvara
Charma – Emma Ärmänen	Ull og jurtalitun
Hörður Guðmundsson og Tandraberg	Úrvinnsla úr við – smíðavinna, kolagerð og staurar
Bara snilld ehf. – Björgvin Elísson	Húsmunir úr fljótsdælskum við
Anna Ólafsdóttir	Veitti ráðgjöf um gerð jólaaskreytinga

Í tengslum við hönnunarsmiðjuna lá fyrir samþykkt Fljótsdalshrepps um að veita útvöldum þátttakendum, einum eða fleirum, hvatningarviðurkenningu að heildarupphæð kr. 100 þús. til að halda áfram með þróun handverksins. Hvatningarviðurkenningin var afhent af verkefnastjóra FFF við þetta tækifæri en forsvarsmenn Gersema Fljótsdals voru sammála um niðurstöðuna. Viðurkenninguna hlutu Eyrún Axelsdóttir og J. Olsen. Þau voru hvött sérstaklega til að halda áfram á þeirri braut sem þau lögðu upp með í haust og að þróa afurðir sínar áfram með góðri tengingu við Fljótsdalinn. Fjölmargir sóttu viðburðinn og stemmingin frábær.

Það sem kom skemmtilega á óvart, var að nær helmingur þátttakenda var að koma fram í sitt fyrsta skipti með hugmyndir sínar og afurðir. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til og sýnendur afar ánægðir með þau viðbrögð sem þau fengu á hugmyndir sínar. Góð hvatning til að halda áfram.

Ýmis verkefni

Vind- og vatnsorka

Á samfélagsþingum hefur komið fram nokkur áhugi á smávirkjunum sem og þörf fyrir vatnsöflun. Því var unnin könnun og send út er varðaði áhuga ábúenda á greiningu virkjanakosta og þörf fyrir vatnsboranir. Gögnin hafa verið nýtt í vinnu innan sveitarfélagsins og með viðkomandi áhugahópi er tengjast vind- og vatnsorku.

Húsnæðisáætlun

Unnin voru drög að húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið sem lögð var fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Nú eru þær unnar með rafrænum hætti og yfirfarnar reglulega að hálfu sveitarfélaga.

Kannanir til sveitarfélaga

Ýmsum könnunum og spurningarlistum var svarað fyrir sveitarfélagið er bærust frá ýmsum ráðuneytum og stofnunum, s.s. vegna úrgangsmála, drög að stefnu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi, um matvælaframleiðendur á svæðinu og afurðir o.fl.



Myndir: AHBj

Bergur Arnar veitir ketilkaffi á klasafundi

Upphéraðsklasinn

Verkefnastjóri var fulltrúi sveitarfélagsins í Upphéraðsklasanum og tók virkan þátt í umræðum og markaðssetningu svæðisins.

Þátttaka í námskeiðum og fundum

Námskeið Sjálfsbjargar og HMS fyrir aðgengisfulltrúa sveitarfélaga var haldið 24. febrúar kl. 9:00-12:00.

Fundir í tengslum við Samtök um hringrásarhagkerfið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi Fljótsdalshrepps ásamt Lárusi Heiðarssyni.

- Svæðisáætlanir sveitarfélaga – fundur á Hótel Héraði 2. maí kl. 9:00-12:00.
- Borgað þegar hent er – Teams fundur 5. maí kl. 9:00-11:00.

Virk þátttaka í fundum með verkefnastjórum brothættra byggða á vegum Byggðastofnunar sem og í fundum/viðburðum sem tengjast málefnum atvinnu- og byggðapróunar.

Samfélagssjóður Fljótsdals – úthlutun 2022

Samfélagssjóður Fljótsdals er ætlaður til stuðnings nýsköpun, menningu og atvinnuskapandi verkefnum í Fljótsdal. Hann var stofnaður árið 2020. Með samfélagsjóðnum opnast styrktækifæri, ekki bara fyrir Fljótsdælinga, heldur alla einstaklinga, félög og lögaðila sem vilja byggja upp og styðja við framfaraverkefni í Fljótsdal í anda áherslna frá Ssmfélagsþingum Fagrar framtíðar í Fljótsdal.

Auglýst var eftir umsóknum í upphafi árs með umsóknafresti þann 14. febrúar 2022. Alls bærust 24 umsóknir þar sem heildarkostnaður verkefnanna var 74.123.360 kr. og sótt um 26.383.365 kr. Sjóðurinn úthlutaði á árinu alls 12.050.000 kr.

Eftirfarandi aðilar hlutu styrk úr samfélagssjóði Fljótsdals, við úthlutun þann 10. mars árið 2022:

100.000	Unaðstónar frá ýmsum löndum Markmiðið með tónleikunum er að bjóða upp á fjölbjóðlega og mjög svo fjölbreytta klassíska tónlist fyrir íbúa og gesti Fljótsdals. Með tónleikunum er verið að beina sviðsljósinu að Skriðuklaustri og auka menningarframboð þess frábæra menningarseturs.	Erla Dóra Vogler
250.000	Sveppir og sveppatínsla Markmið námskeiðsins er að fá sveppasérfræðing til að leiðbeina um sveppi í Fljótsdal og Hallormsstað til að dýpka þekkingu og færni þátttakenda við að þekkja, tína og nýta margs konar sveppi. Námskeiðið er hvetjandi fyrir fólk að nýta staðbundið hráefni á sjálfbæran hátt.	Tilraunaeldhúsið Hallormsstað Bára Dögg Þórhallsdóttir Kári Þorsteinsson
250.000	Óður til heimahaga Markmiðið er að vinna heildstæð verk sem tengjast náttúru, dýralífi, menningararfi, kennileitum o.fl. sem tengist Fljótsdalnum. Sýning með verkunum verður sett upp í Fljótsdalnum.	Eyrún Axelsdóttir
400.000	Fögur fortíð í Fljótsdal Verkefnið snýst um að fanga myndir af gömlum mannvistaleyfum í Fljótsdal og afmarka myndefnið sérstaklega við áberandi hleðslur sem kennileiti í Fljótsdal. Meginmarkmið verkefnisins er að varðveita bæði sögu, tilgang og útlit þeirra hleðsla sem verða ljósmyndaðar og bæta við skemmtilegum sögum tengdum viðfangsefninu ef við á.	Arna Silja Jóhannsdóttir
500.000	Vorævintýri í óbyggðum Verkefnið Vorævintýri í óbyggðum er fyrsta formlega námskeiðið sem Náttúruskólinn sem slíkur, býður upp á. Tilgangur skólans og verkefna hans er tvíþættur. Annars vegar að sá fræjum og vekja áhuga og virðingu barna fyrir náttúrunni til framtíðar í gegnum lifandi fræðslu um náttúru, náttúruvernd, sögu og menningarminjar. Hins vegar er það markmið skólans að auka sjálfstraust og virkni barna/unglinga með áskorunum og þjálfun í samvinnu, virkja og þjálfu skapandi hugsun og færni nemenda, með nýjum nálgunum.	Náttúruskólinn Ingibjörg Jónsdóttir

500.000	Námskeið í torfi/grjóti og tóvinnu Áhugi er hjá sveitungum að fá kennslu í gömlum handbrögðum. Mikið er um torf- og grjóthleðslur í Fljótsdal og yrði það hvatning fyrir íbúa að fá námskeið til að hægt sé að viðhalda þeim verðmætum sem fyrir eru í dalnum á faglegan hátt. Námskeið í tóvinnu gæti verið hvatning fyrir bændur að nota ullina sína sjálfir og nýta til handverks.	Droplaug hið fljótsdælzka handverksfjelag Halla Auðunardóttir
500.000	Sögur úr Fljótsdalnum Markmiðið er fyrst og fremst tilraun til að koma Fljótsdalnum á framfæri sem skemmtilegum viðkomustað fyrir ferðamenn. Verkefnið kemur til að með styðja við ferðapjónustu fyrst og fremst en auðvitað eru líka tengsl við menningu þar sem verður komið inn á sögu staðarins.	Kjartan Glúmur Kjartansson
600.000	Hringrásarhagkerfið – tilraunaverkefni í Fljótsdalshreppi Markmiðið er að vinna í áttað hringrásarhagkerfinu. Verkefninu er ætlað að veita innblástur og mynda viðskiptatækifæri gegnum nýstárleg, heildstæð og stundum djörf tilraunaverkefni sem geta skapað framfarir á mismunandi sviðum - samfélagslegum, umhverfislegum og efnahagslegum.	Cornelis Aart Meijles
700.000	Ylræktun í óbyggðum (Laugarfelli) Markmið verkefnisins er að auka sjálfbærni rekstursins í Laugarfelli og á sama tíma auka gæði veitinganna sem þar eru í boði. Nýjungin fellst í því að rækta grænmeti til manneldis inn á hálendi Íslands. Nýnæmið felst einnig í að útfæra aðstöðu er stenst vetrarveðursálag hálendisins og að nýta betur heita vatnið sem þar er.	Óbyggðasetur, Steingrímur Karlsson
150.000	Hljóðleiðsögn á þýsku (Óbyggðasetrið) Verkefnið skapar tækifæri til að nálgast nýjan markhóp en merkjanleg vöntun hefur verið á þessari þjónustu fyrir Þjóðverja. Nýjungin felst í sýningunni sem er sett upp á nýstárlegan hátt miðað við flestar sýningar/söfn á landinu. Þar sem gestir ganga í gegnum lifandi leikmyndir með hljóðleiðsagnartækjum, þar sem raddir, áhrifahljóð og tónlist leiðir þá gegnum ævintýri óbyggðanna.	Óbyggðasetur, Steingrímur Karlsson

2.000.000	Lífkol, framleiðsla úr grisjunar- og úrgangsvið <p>Markmið verkefnisins er að hefja framleiðslu á nýrri vörutegund á gömlum grunni sem nýlega hefur komið aftur fram á sjónarsviðið vegna augljósra jákvæðra eiginleika og margfalds notagildis. Verkefnið mun á sama tíma nýta bæði úrgangsvið sem fellur til í nærumhverfinu og ekki síður nýta allan grisjunarvið úr ungsbólum sem fellur til í sveitarfélaginu og víðar á Héraði. Verkefnið mun skapa heilsársstörf.</p>	Hörður Guðmundsson og Magnús Þorsteinsson
2.500.000	Vinnsluaðstaða sauðamjólkurafurða, 2. hluti <p>Markmiðið er að byggja upp eigin framleiðslu-aðstöðu til að auka hagræði og stöðugleika í rekstri Sauðagulls. Vörur Sauðagulls hafa verið nýjungar á íslenskum markaði og er fyrirtækið hið eina í dag sem framleiðir karamellu og ís úr sauðamjólk og ost eingöngu úr sauðamjólk. Aðstaðan ýtir undir sérstöðu Fljótsdals sem mataráfangastaðar.</p>	Sauðagull, Ann-Marie Schultz
600.000	Könglar – Hönnun heildarútlits <p>Markmiðið er hönnun heildarútlits Köngla. Hönnunin mun tengist þjóðsögum, m.a. sögnum úr Fljótsdal.</p>	Könglar, Dagrún Drótt Valgarðsdóttir
3.000.000	Könglar – Framleiðsla <p>Markmiðið er að kaupa tæki og tól til þess að hefja framleiðslu á 4-6 drykkjarvörum sem framleiddir eru úr íslenskum jurtum og selja á veitingastöðum þar sem hægt er að kanna viðbrögð neytenda, ásamt því að gera forkönnun á markaðnum fyrir vöruna.</p>	Könglar, Dagrún Drótt Valgarðsdóttir

Öll verkefni fóru strax af stað. Forsendur eins þeirra breyttust þannig að það var ekki klárað og styrkvilyrði skilað inn. Alls 10 verkefni voru klárað fyrir áramótið 2022, þar af þau sem fengu hæstu styrkina.



Fögur fortíð á Klaustri



Dagrún Drótt með Köngla kynningu



Hörður með nýja afurð, viðarkol



Kynning á möguleikum sýndarveruleikans



Mynd: AHBj

Smjörgras í Fljótsdali

Að lokum

Verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal er einstakt. Það sprettur úr grasrótinni og því er fylgt eftir með skipulögðum áföngum þar sem framtíðarsýn samfélagsins markar stefnuna og frumkvæði einstaklinganna virkjað með stuðningi sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja svæðisins. Samfélagið hefur styrkst svo eftir hefur verið tekið um allt land.

Það hefur verið mjög ánægjulegt að vera aðilum innan handar með verkefnin sem og að hafa fengið tækifæri til að kynna öllu því góða fólki sem býr, starfar og/eða tengist Fljótsdalnum með einum eða öðrum hætti.

Kærar þakkar fyrir kynnin og samstarfið,

Ásdís Helga Bjarnadóttir,
verkefnastjóri *Fagrar framtíðar í Fljótsdal 2019-2022.*



Af Tröllkonustíg



Myndir: AHBj

Síðdegissól í Fljótsdal

Brot af fjölmiðlaumfjöllun 2022

Mynd: AHBj



Innslag í Rúv fréttum frá Fljótsdal

Samfélagið

09.05.2022 Samfélagsmál og samgöngur skipta Fljótsdælinga mestu máli - <https://austurfrett.is/frettir/samfelagsmal-og-samgoengur-skipta-fljotsdaelinga-mestu-mali>

06.05.2022 Nánast allir íbúar Fljótsdals í framboði - <https://austurfrett.is/frettir/nanast-allir-ibuar-fljotsdals-i-frambodhi>

19.04.2022 Fljótsdælingar gefa sér þrjá daga til að plokka rusl - <https://austurfrett.is/lifid/fljotsdaelingar-gefa-ser-thrja-daga-til-adh-plokka-rusl>

04.03.2022 Unnið við uppbyggingu á 9 nýbyggingum - <https://www.bbl.is/frettir/unnid-vid-uppbyggingu-a-9-nybyggingum>

30.03.2022 Skoða 350 MW vindorkugarð í Fljótsdalshreppi - <https://austurfrett.is/frettir/skodha-350-mw-vindorkugardh-i-fljotsdalshreppi>

11.03.2022 Tólf milljónir króna veittar úr Samfélagssjóði Fljótsdals - <https://austurfrett.is/frettir/tolf-milljonir-krona-veittar-ur-samfelagssjodhi-fljotsdals>

25.02.2022 Gnótt tækifæra í Fljótsdal til framtíðar - <https://austurfrett.is/frettir/gnott-taekifaera-i-fljotsdal-til-framtidhar>

22.02.2022 Þak fauk af fjárhúsi í Fljótsdal - <https://austurfrett.is/frettir/thak-fauk-af-fjarhusi-i-fljotsdal>

14.02.2022 Þreifingar um vindmyllugarð í Fljótsdalshreppi - <https://austurfrett.is/frettir/threifingar-um-vindmyllugardh-i-fljotsdalshreppi>

01.06.2022 Mesta hækkun fasteignagjalda íbúða er í Fljótsdal - <https://www.ruv.is/frett/2022/06/01/mesta-haekkun-fasteignamats-ibuda-er-i-fljotsdal>

21.06.2022 Ásókn í umhverfisstyrki Fljótsdalshrepps - <https://www.austurfrett.is/frettir/asokn-i-umhverfisstyrki-fljotsdalshrepps>

08.07.2022 Helst útlendingar sem sýna torfkofunum einhvern áhuga - https://austurfrett.is/lifid/helst-utlendingar-sem-syna-torfkofunum-einhvern-ahuga?fbclid=IwAR1segQeOoyqem6WlaMPddw uJS94PGRPodRkzWBkg3h4GssbkDDmj_U3lwM

12.07.2022 Færðu Fljótsdalshrepp reynivið að gjöf - <https://www.austurfrett.is/frettir/faerdhu-fljotsdalsheradhi-reynitre-adh-gjoef>

08.08.2022 Halda hönnunarsmiðju fyrir handverksfólk í Fljótsdal - <https://www.austurfrett.is/lifid/halda-hoennunarsmidju-fyrir-handverksfolk-i-fljotsdal>

12.08.2022 Sérstök óbyggðanefnd tekur til meðferðar mál á Fljótsdalsheiði - <https://austurfrett.is/frettir/serstoek-obyggdhanefnd-tekur-til-medferdhar-mal-a-fljotsdalsheidhi>

07.09.2022 Minjagripir sem einkenna landsvæði - <https://www.bbl.is/folk/lif-og-starf/minjagripir-sem-einkenna-landsvaedi>

29.09.2022 Melarétt í Fljótsdal - <https://n4.is/spilari/zHQF8E5OkIg>



Mynd: AHBj

Hóteluppygging hjá Óbyggðasetrinu

17.11.2022 Vindmyllu- og orkugarður á Austurlandi - <https://www.bbl.is/frettir/vindmyllu--og-orkugardur-a-austurlandi>

25.11.2022 Vindmyllugarður í Fljótsdal til framleiðslu á rafeldsneyti í Orkugarði Austurlands - <https://www.bbl.is/frettir/frettaskyring/vindmyllugardur-i-fljotsdal-til-framleidslu-a-rafeldsneyti-i-orkugardi-austurlands>

Afpreying

12.05.2022 Leita elds fyrir dreka í Fljótsdal - https://austurfrett.is/lifid/leita-elds-fyrir-dreka-i-fljotsdal?fbclid=IwAR1EyPCi_W0-vUUeMxkUh5kJcYpz5wNsVQ1RTY7B1dIZslvsV8LrxPADkFA

12.05.2022 Vel heppnað tálgunarnámskeið haldið í Fljótsdal. Æfingin skapar meistarann - <https://www.bbl.is/media/1/bbl9.tbl.2022web.pdf> bls 47

1.07.2022 Sífellt fleiri vilja skoða Hengifoss - https://www.bbl.is/folk/lif-og-starf/sifellt-fleiri-vilja-skoda-hengifoss?fbclid=IwAR1BnqZRS7OnrQUxwxSVNbIEYg0yMII7fa-PoUd_Hcpy5aj9j8iXnEXMfXY bls. 46.

01.09.2022 Matarvagninn við Hengifoss - <https://n4.is/spilari/k5w8aYLN0rM>

15.09.2022 Hengifoss Guesthouse - https://n4.is/spilari/thMxv7K5_1E

15.09.2022 Óbyggðasetur í Fljótsdal – Hótelið - <https://n4.is/spilari/KhBPVqQJ74A>

29.09.2022 Gönguleiðir í Fljótsdal - <https://n4.is/spilari/CXEhKwa-6Nw>

27.10.2022 Náttúruskóli Austurlands – Fljótsdalur - <https://n4.is/spilari/B9kPfKtk4Yw>

30.11.2022 Hartnær helmingsfjölgun ferðafólks að Hengifossi milli ára - https://www.austurfrett.is/frettir/hartnaer-helmingsfjoelgun-ferdhafolks-adh-hengifossi-milli-ara?fbclid=IwAR2FXGzXffgLzYGRnmXCyPgnVdPq-VYkpxBL9eAC1q_ffYBLbeqgnC4tYgA

Framleiðsla

12.05.2022 Nýsköpunarfyrirtækið Könglar í Fljótsdal: Er að hefja framleiðslu og sölu á gosdrykkjum með íslenskum jurtum - <https://www.bbl.is/media/1/bbl9.tbl.2022web.pdf>

15.05.2022 Gera gosdrykki úr íslenskum jurtum - <https://austurfrett.is/frettir/gera-gosdrykki-ur-islenskum-jurtum>

24.05.2022 Bændablaðið - Er að hefja framleiðslu og sölu á gosdrykkjum með íslenskum jurtum - Bændablaðið (bbl.is)

27.05.2022 Bylgjan. Ætla að framleiða gosdrykki með íslenskum jurtum - <https://www.visir.is/k/02362502-682d-4dd2-bfb4-385b8c3645fd-1653676688639?fbclid=IwAR2vcDxvm73UseOTwL41eKzX89hH0r-qlz1V0m8608l-7M1wEmzPSNSTSNU>

24.07.2022 Rás tvö: Hljóðvegurinn - <https://www.ruv.is/utvarp/spila/hljodvegur-1/33525/9vn0iq/svaladrykkir-ur-villtum-islenskum-jurtum-konglar>

15.08.2022 Mikill áhugi að selja beint frá býli í Fljótaldal - https://austurfrett.is/frettir/mikill-ahugi-adh-selja-beint-fra-byli-i-fljotsdal?fbclid=IwAR1gjh_ZYAaqOVhKmJGYY-j-vqyJJ8V1MSMd4gCYa-sNmc2WYLkw5-1vm1A

19.09.2022 Tilraunaeldhús fyrir matarfrumkvöðla - <https://www.bbl.is/frettir/tilraunaeldhu%CC%81s-fyrir-matarfrumkvo%CC%88dla>

29.09.2022 N4: Að austan – Könglar - <https://n4.is/spilari/osAvjF0WI6Y>

30.09.2022 Austurfrétt: Ein um að framleiða drykki úr íslenskum villijurtum, Gera gosdrykki úr íslenskum villijurtum: <https://www.austurfrett.is/lifid/ein-um-adh-framleidha-drykki-ur-islenskum-villijurtum>

01.10.2022 Icelandic review: East Iceland Startup Makes Beverages Flavored with Locally Foraged Herbs - <https://www.icelandreview.com/business/east-iceland-startup-makes-beverages-flavored-with-locally-foraged-herbs/>

02.10.2022 Nord news: A startup from eastern Iceland produces drinks with local herbs - <https://nord.news/2022/10/02/a-startup-from-eastern-iceland-produces-drinks-with-local-herbs/>

Ódagsett Hallormsstaðarskóli: Afurðir - <https://www.hskolinn.is/lokaverkefni-nemenda/167-konglar>

21.10.2022 Útflutningur á timbri innan seilingar - <https://www.bbl.is/frettir/u%CC%81tflutningur-a%CC%81-timbri-innan-seilingar>



Ann-Marie með nýja matarvagninn við Hengifossárgil